



**HAFNARFJÖRÐUR**

Matvælastofnun,  
Aðalskrifstofa  
Austurvegi 64  
800 SELFOSSI

Hafnarfirði, 22. júlí 2016  
1607307 SK

**Efni: Meint brot á lögum um velferð dýra nr. 55/2013**

Með bréfi félags Villikatta, sem móttakið var af Hafnarfjarðarbæ 20. júlí s.l. var tilkynnt um meinta föngun á villiköttum og óskað upplýsinga um hvort Hafnarfjarðarbær hefði óskað eftir henni.

Málið hefur verið rannsakað hjá Hafnarfjarðarbæ og er upplýst að beiðni um meinta föngun villikatta kom ekki frá Hafnarfjarðarbæ og enginn af starfsmönnum bæjarins kom að málinu.

Málið er litið alvarlegum augum og í samvinnu við félag Villikatta er málinu vísað til Matvælastofnunar til meðferðar og könnunar á hvort um brot á lögum um velferð dýra nr. 55/2013 hafi verið framin sem sæti kæru til lögreglu eða ákvörðunar stjórnvaldssektar, sbr. 45. gr. laganna.

Hjálagt fylgir bréf Villikatta og svarbréf Hafnarfjarðarbæjar til Villikatta.

Virðingarfyllst,

Sigríður Kristinsdóttir hrl.,  
bæjarlögmaður

f.h. félags Villikatta

Brynja Björg Halldórsdóttir hdl.